

Miðvikudaginn 7. maí 1997.

Nr. 194/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Jóni Óskari Magnússyni

(Sigurbjörn Þorbergsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. júní 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, er varnaraðila gefið að sök að hafa átt þátt í árás á Sigbert Berg Hannesson í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt 27. apríl sl. Vitni hafa borið, að varnaraðili ásamt tveimur félögum sínum hafi áreitt vegfarendur skömmu fyrir þessa árás, að því er virtist, til að stofna til áfloga. Samkvæmt framburði vitna varð slíkur aðdragandi að fundum varnaraðila við Sigbert, sem mun hafa ýtt við varnaraðila eftir áreiti. Forðaði Sigbert sér, en varnaraðili og félagar hans tveir veittu honum eftirför. Vitni bera, að annar félagi varnaraðila hafi síðan kastað af miklu afli hellusteini í höfuð Sigberts af um þriggja metra færi. Við það hafi Sigbert fallið niður, en varnaraðili og umræddur félagi hans sparkað mörgum sinnum í hann fallinn, meðal annars í höfuð, áður en þeir hlupu af vettvangi.

Varnaraðili hefur játað að hafa sparkað í Sigbert, þar sem hann lá í götunni. Í úrskurði héraðsdóms er greint frá þeim alvarlegu áverkum, sem Sigbert hlaut í fyrrgreindri árás. Þegar þess er gætt ásamt því, hvernig staðið var að árásinni, getur 2. mgr. 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 tekið til brots varnaraðila og það því varð að allt að 16 ára fangelsi. Eins og atvikum er háttað, telst þannig fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fyrir gæsluvarðhaldi. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 2. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafultrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Jóni Óskari Magnússyni, kt. 150976-3089, Hlíðarhjalla 59, Kópavogi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánuðagsins 16. júní 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn af lögreglunni í Kópavogi að morgni 27. apríl sl., grunaður um aðild að stórfelldri líkamsárás.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. apríl sl. kl. 2.20 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að maður lægi í blóði sínu á götunni utan við Café Paris í Pósthússtræti. Þegar lögregla kom að hinum slasaða, Sigbert Berg Hannessyni, f. 1953, lá hann á götunni með höfuð við gangstéttarbrún, og hafði myndast þar allstór blóðpollur. Við komu á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur voru lífsmörk eðlileg, en Sigbert gat enga grein gert fyrir sér vegna taltruflana, sem stöfuðu af höfuðáverka. Við skoðun kom í ljós sár vinstra megin ofan á hvirfli, sem gekk inn í höfuðrými, og var stórt brot í höfuðkúpu. Auk þess var hann með afrifur á enni hægra megin. Tekin var sneiðmynd af höfði Sigberts, sem sýndi að höfuðkúpan var brotin, og gengu beinflisar inn u. þ. b. 2,5 sentímetra í höfuðkúpurýmið. Auk þess sást mar í heila, er gekk út frá áverkanum. Fór hann strax í aðgerð. Samkvæmt vottorði Þengils Oddssonar læknis, er um sköddun á heilastarfsemi að ræða vegna framangreinds áverka, sem að mati læknisins er mjög alvarlegur, og telur hann ekki líklegt, að sjúklingurinn fái fullan bata.

Samkvæmt vottorði Bjarna Hannessonar yfirlæknis, dagsettu í dag, hlaut Sigbert 4 sm langan skurð á höfði með tættum brúnum, sem bentu til, að sjúklingurinn hefði fengið mikið högg og hlutur með skörpum brúnum rekið í höfuð hans af miklu afli. Í ljós kom síðan innkýlt stjörnulaga brot í höfuðkúpunni, og hafði hluti af beinbrotunum ýst inn um 3 sm. Við þetta

höfðu heilahimnur rofnað, og var sár í heila og blæðing undir og í kringum brotið. Sárið og blæðingin, sem sjúklingurinn fékk í heilabörkinn á þessu svæði, ollu því, að hann missti mál og er með minnkaðan kraft og tilfinningu í hægri hluta líkamans. Þá var sjúklingur með afrifur á enni og mar á hálsi vinstra megin, sem læknirinn telur benda til, að sjúklingurinn hafi fengið endurtekna áverka.

Vitni hafa lýst því, er tveir menn spurkuðu margsinnis í Sigbert, m. a. í höfuð hans, fyrir framan Café Paris, þar sem hann lá í götunni. Lýsing á þeim kemur heim og saman við kærða og félagaga hans Guðna Tómasson. Að sögn vitnis spurkuðu mennirnir tveir sex til átta sinnum í höfuð Sigberts, þar sem hann lá í götunni, og telur hann manninn hafa verið með meðvitund í fyrstu, þar sem hann hafi reynt að bera af sér fyrstu spörkin. Að hans mati hafi Sigbert hins vegar misst meðvitund, er mennirnir náðu að sparka í höfuð hans.

Samkvæmt skýrslu, sem tekin var af Björgvini Einari Sævarssyni fyrr í dag, hófust átökin þetta kvöld með því, að kærði gekk á Sigbert Berg og spurði hann, hvað hann væri að „böggja“ sig, eða eitthvað í þá átt. Síðan hafi þeir lent í stimpingum, og þá hafi Guðni Tómasson komið aðvifandi og kastað götusteinum í Sigbert, sem við það hafi fallið eins og dauður í götuna.

Í skýrslu frá 28. apríl sl. kvaðst kærði muna eftir að hafa lent í átökum við mann, sem var staddur í Austurstræti á milli Pósthússins og Reykjavíkुरapóteks. Ekki kunni kærði neina skýringu á upptökum þeirra átaka. Kærði kvaðst m. a. hafa gengið að manningum, þar sem hann lá í götunni fyrir framan Café Paris, og sparkað nokkrum sinnum í hann. Spörkin hafi lent í baki mannsins og sennilega einnig í höfði, en kærði kvaðst þó ekki hafa endilega ætlað að sparka þar. Kærði þvertók fyrir að hafa tekið sér götustein í hönd og beitt honum í átökunum við manninn.

Við fyrirtöku málsins hér fyrir dómnum kvaðst kærði hafa sparkað í Sigbert Berg liggjandi, einu sinni í höfuð hans og síðan í magga hans.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var dómara sýndur skór sá, sem kærði kannast við að hafa klæðst, þegar átökin urðu, og er hann töluvert stór og þungur.

Rannsóknargögn málsins benda til, að um stórfellda líkamsárás tveggja manna sé að ræða, sem getur miðað við framangreind læknisvottorð varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir grunur lögreglu um aðild kærða að málinu vera rökstuddur, enda styðst hann við játningu kærða og vætti vitna. Þegar framanritað er virt og með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

1468

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jón Óskar Magnússon, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. júní 1997 kl. 16.00.
